

# Bæjarins besta

ÓHÁÐ

FRÉTTABLAÐ

Á VESTFJÖRÐUM

Miðvikudagur 23. júlí 1997 • 29. tbl. • 14. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk

**Kjaradómur hækkar laun æðstu embættismanna þjóðarinnar um 8,5%**

## Úrskurðurinn er undirstrikun á því að kröfugerð okkar var hógvæð og réttlát

– segir Pétur Sigurðsson, forseti Alþýðusambands Vestfjarða. Hann fagnar því að Kjaradómur, handbendi ríkisstjórnar og alþingis hafi komist að þeirri niðurstöðu að nægir peningar væru til í landinu til að greiða meiri launahækkanir en samið var um á almennum vinnumarkaði

Kjaradómur hefur hækkað laun æðstu embættismanna þjóðarinnar um 8,5% frá og með 1. apríl síðastliðnum. Á sama tíma metur Þjóðhagsstofnun að þeir samningar sem gerðir hafa verið á vinnumarkaði að undanföngu feli í sér 5,5-6% launahækkun á árinu þegar allt er talið. Samkvæmt úrskurði Kjaradóms eru laun

forseta Íslands rúmar 434 þúsund krónur, laun forsætisráðherra tæpar 418 þúsund og laun annarra ráðherra, tæpar 380 þúsund krónur. Mánaðarlaun forseta Hæstaréttar eru eftir úrskurð Kjaradóms, kr. 345.700 en aðrir hæstaréttadómáráðgjafar fá 314.300 á mánuði. Ríkissáttasemjari er með kr. 300.500 á mánuði, ríkisendur-

skoðandi 266.800 kr., biskup Íslands er með 262.400 og héraðsdómáráðgjafar eru með kr. 239.400 í mánaðarlaun samkvæmt úrskurði Kjaradóms.

„Ég fagna því að Kjaradómur sem handbendi ríkisstjórnar og alþingis, skuli hafa komist að þeirri niðurstöðu að það séu til nægir peningar í þjóðfélaginu til að greiða meiri laun

og meiri launahækkanir en samið var um á almennum vinnumarkaði. Það er undirstrikun á það að kröfugerð okkar um 100 þúsund króna lágmarkslaun var mjög hógvæð og réttlát,” sagði Pétur Sigurðsson, forseti Alþýðusambands Vestfjarða í samtali við blaðið. Aðspurður um hvort úrskurður Kjaradóms yrði notaður sem

vopn í næstu baráttu verkafólks sagði Pétur:

„Það er langt í þann slag, en auðvitað er auðvelt að nota svona viðmiðanir til að leiðrétta launin hjá þeim sem lítið hafa og þar er nærtækast hjá ríkisstjórninni að hækka launin hjá elli- og örorkulífeyrisþegum og hætta við skerðingar hjá þeim sem eru atvinnu-

lausir.” En er Pétur sammála varaforseta Alþýðusambands Vestfjarða, Helga Ólafssyni, að úrskurður Kjaradóms sé endurtekin ósvífni frá árinu 1995:

„Ég veit ekki hvort það sé nokkur ósvífni að upplýsa fólk um það að það séu til peningar í þjóðfélaginu til að hækka laun. Mér finnst það engin ósvífni,” sagði Pétur.



Fjölmargt verður til skemmtunar á hátíðinni, m.a. mun lúðrasveit frá Linköping, vinabæ Ísafjarðar í Svíþjóð, skemmta bæjarbúum og gestum.

**Bryggjuball, furðufley og siglingar**

## Líf og fjör í fjóra daga

Hin árlega Ísafjarðarhátíð verður sett í Neðstakaupstað á Ísafirði á fimmtudagskvöld. Á hátíðinni sem stendur til sunnudags, verður fjölmargt til skemmtunar, jafnt fyrir

unga sem aldna. Boðið verður upp á siglingar að Hesteyri í Jökulfjörðum, kvöldverðarferð í Vigur og kvöldsiglingu með Fagranesinu um Ísafjarðardjúp þar sem dansað verður á dekki

við undirleik nokkurra harmónikkusnillinga.

Þá verður boðið upp á dunandi sveitatonlist að Hótel Eddu á Núpi, dorgkeppni, furðufleyjakeppni, körfubolta-

götukeppni, ratleik og kveðskap í kaffileikhúsi. Lúðrasveit frá Linköping, vinabæ Ísafjarðar í Svíþjóð mun skemmta bæjarbúum og gestum, bryggjuball verður við Sunda höfn á laugardagskvöld og á

sunnudag verður boðið upp á lautarferð inn í Tungudal svo fátt eitt sé talið. Hátíðinni lýkur á sunnudagskvöld með blysför frá Safnahúsinu á Eyrartúni, þaðan sem haldið verður upp í Stóruurð. Þar verður kveiktur

varðeldur og sungið fram eftir kvöldi. Vegna framkvæmda við Silfurtorg er ráðgert að útimarkaður og flest útiatriði fari fram í Neðstakaupstað. Sjá nánar dagskrá hátíðarinnar á bls. 11.



## Dagrún í litum nýja fyrirtækisins

Eins og greint var frá í síðasta blaði, hefur verið gengið frá samkomulagi um að fyrirtækin Þorbjörn hf., í Grindavík og Bakki hf., í Bolungarvík verði sameinuð. Sameiningin á að taka gildi frá 1. september nk., en stefnt er að sameiginlegum rekstri og stjórnun fyrirtækjanna frá næstu mánaðarmótum. Fyrsta breytingin sem Vestfirðingar hafa orðið varir við, eftir að sameiningin var kunngerð, er sú að litur skipa Bakka breyttist úr grænum í bláan, en það er sá litur sem einkennt hefur skip Þorbjarnar hf. Dagrún ÍS-9, eitt skipa Bakka hefur legið í Ísafjarðarhöfn að undanföngu þar sem gerðar hafa verið á henni hinar ýmsu breytingar. Skipið hefur nú verið málað í litum hins nýja fyrirtækis og mun það vera í fyrsta skipti frá því það kom til landsins, sem það er ekki málað grænt.

Blaðsíða 4

Líf og fjör á Sæluhelgi á Suðureyri



Blaðsíða 6

Sýslumaðurinn og Stones aðdáandinn Ólafur Helgi



Blaðsíða 12

Vel tekið á móti áhöfn og farþegum Hanseatic



# Spurningin

Hvernig hefur „traffíkin“ verið?



Salvar Baldursson, ábúandi í Vigur:

„Það hefur verið góður straumur ferðafólks hingað í sumar. Traffíkin er heldur meiri en á síðasta ári og skiptist hún jafnt á milli íslenskra og erlendra ferðamanna. Ég held að við megum þakka þetta að stóru leyti sjónvarpsmyndinni sem gerð var um eyjuna og sýnd var í sjónvarpinu í vor. Við erum því ánægð hér og bjartsýn á framhaldið.“

Ferðamannastraumur til Vestfjarða hefur staðið í stað það sem af er sumri miðað við síðasta ár. Íslendingum, sem sótt hafa Vestfirði heim hefur fækkað og sömu sögu er að segja af erlendum ferðamönnum á eigin vegum. Hins vegar hefur hópum erlendra ferðamanna fjölgað nokkuð.



Tvö tilboð bárust í stækkun og breytingar á flugstöðvarbyggingunni á Ísafjarðarflugvelli sem boðin var út fyrir stuttu.

## Stækkun flugstöðvarbyggingar á Ísafjarðarflugvelli

# Gengið til samninga við Naglann ehf.

Tvö tilboð bárust í stækkun og breytingar á flugstöðvarbyggingunni á Ísafjarðarflugvelli sem nýlega var boðin út. Tilboðin komu bæði frá fyrirtækjum á Ísafirði, frá Naglannum ehf., sem bauð kr. 59.368.000 og frá Ágústi og Flosa hf., sem bauð kr. 64.568.776. Ákveðið hefur verið að ganga til samninga við forsvarsmenn Naglans ehf., og munu þeir hefja framkvæmdir um leið og samningur er kominn á um verkið. Kostnaðaráætlun vegna verksins

hljóðaði upp á kr. 57.462.490. Verkinu er skipt í tvo áfanga og skal þeim fyrri vera lokið 15. desember nk., og þeim síðari 15. maí á næsta ári. Í fyrsta áfanga verður reist burðarvirki stækkunar, þak klætt, gluggaútteggir endurnýjaðir, ný þök einangruð að innanverðu og útteggir að utan- og innanverðu einangraðir og klæddir. Í fyrsta áfanga verður einnig gengið frá nýjum farangursmóttökuskýlum, farþegasalur verður opnaður út í núverandi vagnageymslu og

tengdur við nýtt anddyri að fluglaði. Þá á í 1. áfanga að ganga að fullu frá nýjum komusal ásamt aðstöðu fyrir húsvörð og ræstingu sem og að ljúka við allar klæðingar utan-húss. Í 2. áfanga verður snyrtingum breytt og gengið frá þeim, lokið við skrifstofur á suðurhlið, gengið frá anddyri fyrir brottfararfarþega á suðurhlið og flugafgreiðslu breytt. Þá verður skrifstofum í austurenda hússins breytt sem og aðstöðu starfsfólks í austurenda, loka-

frágangur fer fram á farþegasal Heildarstækkun flugstöðvar- og raflagnatöflur endurnýjaðar. byggingarinnar er um 102,5 m<sup>2</sup>.



ÍSAFJARÐARBÆR

### UMHVERFISVIÐURKENNING

Eins og undanfarin ár mun Ísafjarðarbær veita einstaklingum og fyrirtækjum fyrir snyrtilegt umhverfi, svokallaða umhverfisviðurkenningu. Veittar verða viðurkenningar fyrir snyrtilegustu:

1. Íbúðarlóðina.
2. Iðnaðarlóðina.
3. Íbúðargötuna.
4. Bóndabylið.

Óskað er eftir tilnefningum og skal þeim komið á framfæri við bæjarskrifstofuna í síðasta lagi föstudaginn 2. ágúst nk.

F.h. umhverfisnefndar, bæjarverkfræðingur.

## Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða

# Einar Snorri ráðinn markaðsráðgjafi

Einar Snorri Magnússon, alþjóðamarkaðsfræðingur frá Tækniskóla Íslands hefur verið ráðinn markaðsráðgjafi hjá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða hf., og hefur hann þegar hafið störf. Einar Snorri er borinn og barnfæddur Ísafirðingur. Sambýliskona hans er Björg Jónsdóttir, landfræðinemi við Háskóla

Íslands. Þau eiga einn son. Með ráðningu markaðsráðgjafa býður Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða, fyrirtækjum og einstaklingum upp á sérhæfa þjónustu sem varða markaðs- og útflutningsmál. Viðtalstími hins nýja markaðsráðgjafa er alla virka daga frá kl. 9-12.

Einar Snorri Magnússon.



## Bæjarins besta

### Útgefandi:

H-prent ehf.  
Sólögðu 9,  
400 Ísafjörður  
☎ 456 4560  
☐ 456 4564

### Ábyrgðarmenn:

Sigurjón J. Sigurðsson  
Halldór Sveinbjörnsson

### Ritstjóri:

Sigurjón J. Sigurðsson

### Blaðamaður:

Magnús Hávarðarson

### Netfang:

hprent@snerpa.is

### Stafræn útgáfa:

http://www.snerpa.is/bb

# Enn gerast kaupin á eyrinni

Leiðari

Enn einu sinni hafa fyrirtæki í sjávarútvegi ákveðið að rugla saman reitunum. Að þessu sinni eru það Þorbjörn hf., í Grindavík og Bakki hf., í Bolungarvík, sem kunngjört hafa opinberun sína.

Þegar lýst var með fyrirtækjunum í Morgunblaðinu fékk kvóti hins væntanlega fyrirtækis stærsta letrið, enda vart við öðru að búast. Síðan fór leturgerðin minnkandi og endaði í smáaletrinu þegar upplýst var um eignaskiptingu, en eigendur fyrrum Bakka koma til með að eiga 29% á móti 71% Þorbjarnarmanna, í hinu nýja fyrirtæki, sem verður með höfuðstöðvar sínar í Grindavík. Þessi eignaskipting segir ákveðna sögu. Að sögn eru líkur taldar á að núverandi framkvæmdastjóri Bakka hf., láti af störfum.

Þetta eru góð tíðindi, meira að segja góð tíðindi fyrir vestfirskt atvinnulíf, er haft eftir fyrsta þingmanni Vestfirðinga af þessu tilefni. Þingmaðurinn er sannfærður um að Þorbjarnarmenn ætli að standa myndarlega að uppbyggingu atvinnulífsins í Bolungarvík og einhvern veginn hefur hann reiknað það út, að einn til einn og hálfur milljarður króna komi inn í atvinnulífið hér fyrir vestan í formi hlutafjár, það sem eftir lifir árs.

Almenningur á ekki gott með að átta sig á tölum þegar verðmæti kvótans eru annars vegar. Þar er allt í „igildum“ sem segja ekker um þær fjárhæðir, sem flakka á milli bankareikninga einstaklinga og

fyrirtækja í kvótabraskinu. Af orðum þingmannsins er hins vegar ljóst í hverju ágóðinn felst. En þótt almenningur eigi erfitt með að átta sig á „igildunum“ er hvert mannsbarn sér meðvitað um hvað liggur að baki uppsveiflunnar í hlutabréfum fiskvinnslufyrirtækja: Óveiddi fiskurinn úti fyrir ströndum landsins, þjóðareignin sem getið er um í stjórnarskránni. Almenningi er líka ljóst að meginhluti hagræðingar í sjávarútvegi snýst um það eitt, að koma kvótayfirráðum á sem fæstar hendur. Enda er það stefna stjórnvalda.

Fyrir hálfu ári voru „Ísafirðingar á valdi tilfinninganna“ þegar eigendur Hrannar hf., „urðu að breyta til“ því í óefni horfði með útgerð Guggunnar. Þá skorti ekki yfirlýsingar um að Guggan yrði áfram gul (sem virtist heljarmikið sáluhjálparatriði) og gerð út frá Ísafirði. Ekki er annað vitað en að Guggan sé ennþá gul. Yfir hitt skal ekki fjöður dregin, að ekki hefur minnkað ótti margra yfir því sem þeir töldu að sameining Hrannar og Samherja kynni að hafa í för með sér fyrir ísfrískt atvinnulíf.

Sameining fyrirtækja á fullan rétt á sér en er langt frá því að vera algild. Ef áðurgreindri ástæðu um kvótayfirráð er sleppt er vandséð hvaða hag fyrirtæki á sitt hvoru landshorni sjá í því að rugla saman reitunum.

s.h.

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

## Vestfirðingar ráða úrslitum

Þrjú þúsund Vestfirðingum hefur verið sendur spurningalisti frá Háskóla Íslands, þar sem óskað er eftir þátttöku þeirra við rannsókn á högum Vestfirðinga borið saman við íbúa á suðvesturhorni landsins. Rannsóknin, sem unnin er í samvinnu við lækna, er ein umfangsmesta rannsókn á þessu sviði í heiminum og vænta aðstandendur hennar góðrar samvinnu við þá sem fengið hafa listana senda.

„Þátttaka Vestfirðinga ræður úrslitum í þessari rannsókn,” sagði Arndís Vala Arnfinnsdóttir, einn af aðstandendum rannsóknarinnar í samtali við blaðið, en hún er á leið til Vestfjarða til að vera fólki innan handar við að svara þeim spurningum sem upp kunna að koma. Arndís Vala verður á heilsu-

gæslustöðinni á Ísafirði, 23. júlí nk., og daginn eftir á Flateyri og í Bolungarvík, og verður hægt að ná sambandi við hana í gegnum heilsugæslustöðvarnar.

„Við erum að kanna hver áhrif veðurfars og annarra árs-tíðabundinna fyrirbæra eru á líðan fólks. Niðurstöðurnar munu hjálpa okkur að skilja þessar sveiflur sem oft er um rætt. Þó að menn hafi tekið eftir slíkum breytingum hjá fólki víðsvegar, hefur merkilega lítið verið um rannsóknir á þessu fyrirbæri. Því höfum við verið að reyna að breyta með rannsóknum sem menn úr þessum hópi hafa stundað undanfarin ár.”

Eins og fram kemur í bréfi til þátttakenda, mun verða farið með upplýsingar af fullkonn-

um trúnaði og niðurstöður aðeins birtar fyrir allan hópinn í senn. Þannig mun enginn geta tengt eina ákveðna manneskju við niðurstöðurnar og verður fyllsta öryggis gætt þetta varðar. „Þess má að lokum geta að við erum mjög spennt fyrir þessari rannsókn, enda er hér um að ræða eina umfangsmestu rannsókn á þessu sviði í heiminum. Ef nógu margir senda okkur svör, munu niðurstöðurnar mjög víða vekja mikla athygli. Því vil ég auðvitað hvetja alla þá sem fengið hafa send spurningablöð, að útfylla þá sem allra fyrst. Um leið vil ég þakka þeim fyrir stuðninginn, og bendi á að það er einfaldlega ekki hægt að framkvæmda rannsókn sem þessa án stuðnings íbúanna,” sagði Arndís Vala.



Póls hf., á Ísafirði.

### Póls hf., boðar byltingu í lagnatækni

## Plastlagnir í öll hús og skip

Póls hf., á Ísafirði hefur tekið að sér söluumboð fyrir nýtt lagnaefni fyrir heitt og kalt vatn. Lagnaefnið er frá REHAU í Þýskalandi og er viðurkennt fyrir allar vatns- og hitalagnir í húsum af Rannsóknarstofnun byggingariðnaðarinnar og fyrir skip og báta af Siglingamálastofnun ríkisins.

Í frétt frá fyrirtækinu segir að öll rör séu úr svokölluðu polyethylene efni, sem eru bæði

lang- og þverofin og eiga þau því ekki að þenjast út eða dragast saman við hitabreytingar. Mun auðveldara og fljótlegra mun vera að leggja efnið en önnur efni sem eru á markaðnum í dag, ekkert þarf að snitta og því mun allur sóðaskapur vera úr sögunni og ekkert þarf að lóða og því mun eldhætta engin vera. Lagnaefnið er hægt að tengja við allar eldri lagnir ef gera þarf við og

eins ef þarf að breyta.

Póls hf., gerir tilboð í lagnaefni í nýbyggingar sem og ef endurnýja þarf eldri lagnir. Til þess þarf fyrirtækið að fá samþykktar teikningar af lögninni. „Við höfum nú þegar tekið í hús lager af öllum rörum og fittings sem kerfið hefur upp á að bjóða og getum því afgreitt af lager, og verðið er það sama og í Reykjavík,” segir í frétt frá fyrirtækinu.

### Dauf laxveiði í ám við Ísafjarðardjúp

## Tuttugu laxar hafa veiðst í Langadalsá á einum mánuði

Mjög dauf veiði hefur verið í laxveiðiám í Ísafjarðardjúpi það sem af er veiðitímabilinu. Í byrjun vikunnar voru rúmlega 50 laxar komnir á land í Laugardalsá, 20 laxar höfðu veiðst í Langadalsá og enginn lax hafði veiðist í Ósá við Bolungarvík á þriðjudag. Í Laugardalsá, sem opnuð var 12. júní, fór veiðin rólega af stað en heldur hefur glæðst þar undanfarna daga. Holl veiðimanna sem lauk veiði í ánni í gær, hafði fengið 10 laxa eftir tvo og hálfan dag og hollíð þar á undan fékk 7 laxa eftir þriggja daga veiði.

„Byrjunin fór rólega af stað en veiðin hefur aðeins glæðst að undanfögnu. Fiskurinn sem er að ganga þessa dagana er frekar góður, eins árs lax að stærðinni 5-7 pund. Ég er því þökkalega bjartsýnn á það sem eftir lifir sumars. Ef veiðin verður ekki meiri en í fyrra, sem reyndar var lélegasta árið frá því talningar hófust, verð ég mjög óánægður. Ég veit ekki hver skýringin er á þessari lélegu veiði en ég hef þá trú að netaveiðar í sjó hafi þar mikið að segja. Einhvers staðar hlýtur þessi lax að eiga að hrygna,” sagði Sigurjón Samúelsson,

veiðivörður á Hrafnabjörgum í samtali við blaðið.

Þegar síðast fréttist, höfðu 20 laxar komið á land í Langadalsá, sem telst ekki mikil veiði á rúmum mánuði. Að undanfögnu hafa erlendir veiðimenn verið við veiðar í ánni og mun svo verða áfram næstu tvær vikurnar. Frá Ósá við Bolungarvík fengust þær fréttir í gær að enginn lax hefði veiðst í ánni það sem af er sumri, en þó nokkur bleikjuveiði hefur verið þar undanfarna daga. Nokkuð hefur verið kvartað yfir ágangi minka við Ósá og hafa þar veiðst bleikjur með minkabit.

# UNDIRFATADAGAR

## Undirfatadagar

fimmtudag, föstudag og laugardag

# 10% - 20%

afsláttur

af öllum undirfötum

**KRISMA**  
Ljóninu Skeiði  
☎ 456 4414

Útsala  
Útsala  
Útsala  
Útsala  
Útsala  
Útsala  
Útsala  
Útsala  
Útsala  
Útsala  
Útsala  
Útsala  
Útsala  
Útsala



Útsalan hefst á fimmtudaginn

# 40% - 50%

afsláttur



Ljóninu, Skeiði, sími 456 4070



Ljóninu, Skeiði, Ísafirði, sími 456 3464



101 krakki á aldrinum 0-12 ára tók þátt í „Mansakeppninni“ að þessu sinni.



Arnar Guðmundsson tekur hraustlega á í sleggjukastinu. Þar sigraði Guðni Á. Einarsson, sem stendur bak við Arnar.



Árviðs viðburður á Sæluhelginni er knattspyrnukeppni milli húsmæðra á staðnum og aðkomu húsmæðra. Aðkomu húsmæður höfðu betur í ár í miklum baráttuleik.

# Sæluhelgi á Suðureyri

Mansavinir á Suðureyri héldu sína tíundu Sæluhelgi um liðna helgi.

Dagskráin var með veglegasta móti að þessu sinni og hófst hún með fjölskylduferð á föstudag, frá Suðureyri yfir á Norðureyri. Þangað voru 280 manns ferjufluttir með þremur fiskibátum og síðan í land á slöngu-bátum. Þar var grillað, farið í sandkastalakeppni, auk þess sem kveiktur var varðeldur og sungið við

gítarleik fram eftir nóttu.

Á laugardeginum hófst dagskráin með körfuboltakeppni barna og unglínga og eftir hádegi hófst hin eina og sanna „Mansakeppni“. Í aldursflokknum 0-12 ára mætti 101 keppandi, enda til mikils að vinna. Eftir dagskrána á höfninni var dans stiginn, fyrst barnadansleikur og síðan tóku þeir eldri við og skemmtu sér fram eftir nóttu við undirleik hjómsveitarinnar Miðnes. Á sunnudeginum hófst dagskráin með hátíðarmessu í Suðureyrarkirkju. Að henni lokinni hófst skemmtidagskrá í miðbænum þar sem m.a. var boðið upp á torgsölu.

Þar var einnig keppt í hinum ýmsu greinum íþrótta s.s. sleggjukasti, eggjakasti, húsmæðrafótbolta og fleiru. Þá fór fram söngvarakeppni barna og fulloröðinna. Mjög góð þátttaka var í öllum

keppnisgreinum enda sóttu margir góðir gestir Suðureyri heim um helgina.

Útgerðarmenn á Suðureyri gáfu veglega bikara og önnur verðlaun fyrir allar keppnisgreinar og var sérstök athöfn í lok Sæluhelgarinnar þar sem

verðlaunahafar voru heiðraðir. Helgi Þór Arason varð „Mansakóngur“ annað árið í röð, en hann dró á land sautján marhnúta sem vógu 3,5 kg.

Texti og myndir: Sturla Páll Sturluson.



Konurnar tóku einnig hraustlega á í kraftakeppni kvenna. Hér taktst þær á, Margrét (fyrrum Íslandsmeistari í vaxtarækt) og Sveinbjörg Hermannsdóttir. Rósa Linnet, sem stendur fyrir aftan þær með húfu á höfði, sigraði þessa grein með glæsibrag.

## ÍSAFJÖRÐUR

### Ísafjarðarhátið á Hótel Ísafirði

Föstudagshádegi á Hótelinu - léttir réttir á hlaðborði  
Jazz á föstudagskvöld með tríói Ólafs Stephensen og Cadrave Exquis  
Rúnar Þórisson leikur á gítar fyrir matargesti laugardagskvöld

#### Tjörुकaffi

Kaffi og kökur frá kl. 12:00 - 17:00 alla daga  
Sumartónleikar - Út um græna grundu -  
Sunnudagskvöld kl. 21:00 með Guðrúnu Jónsdóttur og Margréti Gunnarsdóttur



**Pantanasíminn er 456 3367**



## TRYGGVI GUÐMUNDSSON HDL

HAFNARSTRÆTI 1 • ÍSAFIRÐI • ☎ 456 3940 & 456 3244 • ☑ 456 4547

### Fasteignaviðskipti

Fasteignir í þessari auglýsingu eru aðeins sýnishorn af söluskrá skrifstofunnar. Allar frekari upplýsingar varðandi söluskrá fasteigna eru veittar á skrifstofunni að Hafnarstræti 1, 3. hæð.

#### Einbýlishús / raðhús

**Brautarholt 12:** 161,2m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt 53,3 m<sup>2</sup> bílskúr. Góð greiðslukjör. Laust 1. ágúst. Tilboð óskast.  
**Dalbraut 13:** 120,7m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-  
**Hafraholt 14:** 144,4m<sup>2</sup> raðhús á tveimur hæðum, ásamt bílskúr. Verð: 9.500.000,-  
**Heiðarbraut 6:** 133,3m<sup>2</sup> einbýlishús á einni hæð ásamt bílskúr. Verð: 10.700.000,-

**Hlíðarvegur 26a:** 120m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt kjallara. Verð: 6.700.000,-  
**Hlíðarvegur 38:** 183,2m<sup>2</sup> raðhús á þremur hæðum. Verð: 9.500.000,-  
**Hlíðarvegur 43:** 186m<sup>2</sup> raðhús á þremur hæðum ásamt bílskúr. Verð 10.200.000,-  
**Hlíðarvegur 48:** 146,4m<sup>2</sup> einbýlishús í norðurenda á tveimur hæðum. Tilboð óskast.  
**Miðtún 31:** 190m<sup>2</sup> endaraðhús í norðurenda á tveimur hæðum. Tilboð óskast.  
**Mjallargata 8:** 117,8m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr.



**Seljalandsvegur 48:** 188m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum. Verð: 12.700.000,-



**Túngata 3:** 53m<sup>2</sup> íbúð á efri hæð í norðurenda. Tilboð óskast.

Laust strax. Verð: 7.400.000,-  
**Silfurgata 9:** 150m<sup>2</sup> einbýlishús, 4ra herbergja á tveimur hæðum, ásamt garði, kjallara og geymsluskúr. Verð: 6.800.000,-  
**Stakkanes 4:** 144 m<sup>2</sup> raðhús á 2 hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Skipti möguleg á Eyri. Verð: 9.900.000,-  
**Stakkanes 6:** 144 m<sup>2</sup> raðhús á tveimur hæðum ásamt bílskúr og sólstofu. Skipti minni eign möguleg. Verð: 10.900.000,-  
**Stekkjargata 29:** 93m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt bílskúr. Verð: 3.600.000,-  
**Tangagata 6a:** 99,7m<sup>2</sup> einbýlishús á tveimur hæðum ásamt litlum kjallara. Verð: 6.800.000,-  
**Urðarvegur 26:** 236,9m<sup>2</sup> raðhús á tveimur hæðum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 11.800.000,-  
**Urðarvegur 58:** 209m<sup>2</sup> raðhús á þremur pöllum ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 12.500.000,-

#### 4-6 herbergja íbúðir

**Engjavegur 21:** 132,2m<sup>2</sup> 4-5 herbergja íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi ásamt kjallara. Verð: 8.500.000,-  
**Engjavegur 31:** 92,1m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 5.900.000,-

bergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Mikil uppgerð. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 5.900.000,-  
**Fjarðarstræti 4:** 120m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi. Verð kr. 6.500.000,-  
**Fjarðarstræti 38:** 130m<sup>2</sup> 5 herbergja íbúð á 2 hæðum í þríbýlishúsi. Hagstæð lán fylgja. Verð: 7.000.000,-  
**Hjallavegur 12:** 113,9m<sup>2</sup> 4ra - 5 herbergja íbúð á n.h. í tvíbýlishúsi. Tilboð óskast.  
**Pólgata 4:** 136m<sup>2</sup> 5 herbergja íbúð á 2 hæð í þríbýlishúsi ásamt litlum bílskúr. Verð: 5.500.000,-  
**Seljalandsvegur 20:** 125,2m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 7.900.000,-  
**Sólgata 5:** 102m<sup>2</sup> 6 herbergja íbúð á tveimur hæðum í norðurenda í tvíbýlishúsi. Verð: 5.000.000,-  
**Stórholt 7:** 116m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á 3. hæð, t.h. í fjölbýlishúsi. Verð: 7.400.000,-  
**Stórholt 11:** 103m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á 3. hæð í fjölbýlishúsi ásamt bílageymslu. Ibúðin er laus. Verð: 7.800.000,-  
**Stórholt 13:** 103m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð í fjölbýlishúsi ásamt innbyggðum bílskúr. Skipti á stærri eign möguleg. Verð: 7.900.000,-  
**Tangagata 20:** 70m<sup>2</sup> 4ra herbergja íbúð á neðri hæð í tvíbýlishúsi. Verð: 3.500.000,-

Öll nýlega uppgerð. Tilboð óskast.  
**Stórholt 7:** 74,6m<sup>2</sup> íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.100.000,-  
**Stórholt 7:** 74,6m<sup>2</sup> íbúð á 3. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Skipti á eign á Eyri. Verð: 4.900.000,-  
**Stórholt 9:** 74,6m<sup>2</sup> íbúð á 1. hæð fyrir miðju í fjölbýlishúsi. Verð: 5.300.000,-  
**Stórholt 11:** 80m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð á 3 hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 6.000.000,-  
**Stórholt 11:** 80 m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð á 2 hæð í fjölbýlishúsi ásamt innbyggðum bílskúr. Verð: 6.900.000,-  
**Stórholt 11:** 72,6m<sup>2</sup> 3ja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 4.500.000,-  
**Urðarvegur 80:** 82m<sup>2</sup> íbúð á jarðhæð í fjölbýlishúsi ásamt sér geymslu. Verð 6.500.000,-

#### 3ja herbergja íbúðir

**Fjarðarstræti 13:** 80m<sup>2</sup> íbúð á efri hæð í tvíbýlishúsi, tvö aukaherbergi í risi og kjallara. Verð 5.700.000,-  
**Hlíðarvegur 27:** 76m<sup>2</sup> íbúð á efri hæð tvíbýlishúsi ásamt 35m<sup>2</sup> bílskúr. Mögulegt að taka bíl uppí. Lausstrax. Verð: 5.400.000,-  
**Pólgata 6:** 55m<sup>2</sup> risíbúð á 3. hæð, suðurenda í fjölbýlishúsi. Mikil endurnýjuð. Verð: 3.900.000,-  
**Seljalandsvegur 67:** 107m<sup>2</sup> íbúð á neðri hæð í tvíbýli. Verð: 6.000.000,-  
**Silfurgata 11:** 56,2m<sup>2</sup> þriggja herbergja íbúða á 3. hæð í fjölbýlishúsi.

#### 2ja herbergja íbúðir

**Hlíf II:** 50,4m<sup>2</sup> íbúð á 2. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 6.100.000,-  
**Hlíf II:** 50,4 m<sup>2</sup> íbúð á 4. hæð í Dvalarheimili aldraðra. Verð: 5.900.000,-  
**Sundstræti 24:** 69m<sup>2</sup> íbúð á jarðhæð í þríbýlishúsi. Sér hiti, rafmagn og inngangur. Mikil uppgerð. Verð: 4.900.000,-



**Grundargata 2:** 2ja herbergja íbúð á 1. hæð í fjölbýlishúsi. Verð: 3.800.000,-

# Það sem auðgar mannlífið...

Aukinn fjölbreytileiki er lykilorð þegar við ræðum byggðamál. Það virðist liggja ljóst fyrir að þeim landsvæðum vegnar best sem geta boðið upp á fjölbreytni á öllum sviðum. Það á ekki bara við um atvinnu- málin, heldur einnig aðra þætti menningarlífs og afþreyingar.

Eftir því sem samfélag okkar þróast, eykst krafan um meiri fjölbreytni og margvíslegri viðfangsefni. Af er sú tíð að lífsbaráttan snúist um það eitt að komast af. Menn gera kröfur til aukins frítíma og að eiga þess kost að njóta frístundanna með öllum þeim gögnum og gæðum sem nútíminn býður upp á.

Margt bendir til að þessi krafa muni vaxa og alveg sérstaklega meðal þess unga fólks sem er núna að hasla sér völl í lífsbaráttunni. Viðgangur byggðanna mun því meðal annars ráðast af því hvernig okkur muni takast að skapa búsetumhverfi að þessu leyti, sem nýjum kynslóðum muni hugnast.

## Að finna sér eitthvað til atvinnusköpunar og afþreyingar

Sú samfélagsmynd sem við okkur blasir í þróttmiklu umhverfi einkennist því af miklum margbreytileika þar sem hver finnur sér sitthvað til atvinnusköpunar og afþreyingar. Þær vísbendingar sem skoðanakönnun Byggingastofnunar um byggðamál og búsetu- óskir leiða í ljós, lúta einmitt að því að fólk gerir vaxandi kröfur til þess að njóta lífsins með margvíslegum hætti þar sem það setur sig niður.

Ef okkur á að takast að snúa við hinni neikvæðu byggðapróun er augljóst að okkur ber að leggja rækt við þessa hluti. Og ekki síður það að vekja athygli á því stórmerkilega starfi sem víða fer fram úti um landið. Oft hef ég orðið var við hversu aðkomufólk undrast yfir þeim fitonskrafti sem er hér vestra í félagsstarfi af margvíslegu tagi og hversu margt

mannlífið okkar hefur upp á að bjóða. Sú mynd sem fjölmiðlar hafa dregið upp af umhverfi okkar hefur því miður ekki sýnt þessa jákvæðu og aðlaðandi hlið, sem er þó vissulega til staðar.

## Nýir möguleikar með bættum samgöngum

Þær tröllauknu framfarir sem hafa orðið í samgöngumálum okkar, opna okkur nýjar leiðir í þessum efnum. Þegar þjónustuvæðin stækka, gefst kostur á að tengja byggðirnar saman; einnig á sviði menningarmála, félagslífs og afþreyingar. Við sjáum þetta birtast okkur á norðanverðum Vestfjörðum, þar sem hið gamalgróna sönglífið hefur gengið í vissan endurnýjun lífsdaga með því að menn geta nú sótt söngæfingar um lengri veg en áður.

Á því er enginn vafi að byggðirnar hér á Vestfjörðum hafa notið þess hversu félagslífið hefur verið hér öflugt í gegnum



Einar K. Guðfinnsson.

tíðina. Þorrablótin eru hvergi betri, árshátíðirnar skemmtilegastar og svo framvegis. Víða er leiklistarlíf líka í miklum blóma. Undirritaður sá til að mynda leiksýningu Leikfélagsins Baldurs á Bíldudal síðastliðinn vetur og sannfærðist þá enn og aftur um að þar stendur leiklistarlífið ekki einasta á gömlum merg, heldur er það síungt og lifandi.

## Glæsilegt tákni um vestfirskt menningarátak

Eitthvert glæsilegasta tákni um vestfirskt menningarframtak hefur getið að líta í Tjöruhúsinu á Ísafirði á fimmtudagskvöldum í sumar eins og undanfarin tvö ár. Sumarkvöld í Neðstakaupstað hafa áunnin sér nafn og aukin hróður Ísafjarðar og Vestfjarða mjög. Þar fer fram dagskrá sem sennilega á sér engan sinn líkan annars staðar á landinu. Að minnsta kosti er hvergi haldið úti vikulega svo fjölbreyttri og vandadri menningardagskrá sem byggir á sögu héraðsins, af jafn miklum þrótti og þar er gert - og það á tveimur tungumálum! Viðtökur fólks, ekki síst aðkomufólks sýna líka að þetta lofsverða framtak á full erindi til okkar. Mannlífsflóran okkar væri að minnsta kosti ólíkt fátæklegri ef ekki kæmi til

framtak af þessum toga.

## Líka byggðamál

Okkur Vestfirðingum ber þess vegna, hvar sem við komum því við, að styðja við bakið á starfi þess áhugasólks sem leggur sig fram um að auðga mannlíf okkar með því fjölbreytilega lista, menningar og afþreyingarstarfi sem góðu heilli er unnið hér á Vestfjörðum. Síðan gæti það verið verðugt verkefni okkar að draga athygli annarra landsmanna að þessu menningar- og félagsstarfi og gefa þannig fleirum kost á því að deila því með okkur. Það væri örugglega ekki lakari markaðsstarfsemi en hver önnur fyrir Vestfirði. Þessi viðfangsefni eru líka byggðamál og kannski einhver þau mikilvægustu.

Einar K. Guðfinnsson, alþingismaður.

## Ísafjarðarbær ekki til í Gulu Bókinni '97

# Hvað segirðu, er nýbúið að sameina?

Gula Bókinn '97 kom út í vor, en í henni eru upplýsingar um 45 þúsund fyrirtæki á Íslandi auk götu- og pósthúsnúmeraskráa og götukortu. Einnig er í bókinni upplýsingaskrá um þjónustu ríkis, bæjar- og sveitarfélaga, en þar virðist útefendum bókarinnar hafa orðið á í messunni, a.m.k. hvað varðar Ísafjarðarbæ. Ísafjarðarbær er nefnilega ekki nefndur á nafn og virðist sameining sveitarfélaganna sex á norðanverðum Vestfjörðum á síðasta ári, hafa farið gjörsamlega framhjá útefendum Gulu bókarinnar og

starfsmönnum þeirra.

Samkvæmt bókinni er Kristján J. Jóhannesson enn sveitarstjóri á Flateyri, Halldór Karl Hermannsson er sveitarstjóri á Suðureyri og Jónas Ólafsson sveitarstjóri á Þingeyri. Einnig er greint frá því að Kristinn Jón Jónsson sé forseti bæjarstjórnar Ísafjarðar og að í Bolungarvík sé Stefán Haukur Ólafsson hreppstjóri, en hreppstjóri er enginn í Bolungarvík.

BB berði tilraun til að reyna að ná tali af Braga Sveinssyni, eiganda Gulu bókarinnar, til að segja honum af tilvist Ísafjarðarbæjar, en hann var í fríi. Starfsstúlkan sem svaraði í símann kom af fjöllum þegar henni voru sögð tíðindin. „Hvað segirðu, er nýbúið að sameina?“ spurði hún og varð undrandi þegar henni var sagt að rúmt ár væri liðið frá sameiningunni. Þar sem ekki

var ætlun BB að gera stórmál út af framangreindu, var stúlkan aðeins beðin um að koma þessum „nýju“ upplýsingum á framfæri við viðkomandi og hún síðan kvödd. Að vísu er því ekki að leyna að blaðamaður hugsaði um leið og hann lagði á: „Skrýtið að fyrirtæki sem sérhæfir sig í að gefa fólki upplýsingar skuli ekki leggja meiri áherslu á að hafa þær réttar.“

## Tjöruhúsið í Neðstakaupstað

# Út um græna grundu með Guðrúnu og Margrétu

Guðrún Jónsdóttir, óperusöngkona og Margrét Gunnarsdóttir, pianóleikari halda tónleika í Tjöruhúsinu í Neðstakaupstað á sunnudag kl. 21:00. Á tónleikunum sem bera yfirskriftina „Út um græna grundu“ flytja þær stóllur vor- og sumarlag af ýmsu tagi m.a. eftir þá Sigvalda Kaldalóns, Árna Þorsteinsson, Skúla Halldórsson og Pál Ísólffson.

Þær Guðrún og Margrét héldu samskonar tónleika í Tjöruhúsinu fyrir stuttu og voru þær vel sóttir og góður rómur gerður að flutningi þeirra. Guðrún, sem starfað hefur víða um heim, m.a. í Svíþjóð og á Ítalíu, er flutt á ný til Ísafjarðar og hefur ráðið sig sem söngkennara við Tónlistarskóla Ísafjarðar. Athygli er vakin á því að tónleikarnir á sunnudag hefjast hálfklukkustund síðar en síðustu tónleikar þeirra stallna.



Guðrún Jónsdóttir, óperusöngkona.



## Afmæli

# 70 ára

Ólafur S. Vilhjálmsson, Urðarvegi 15 á Ísafirði verður sjötugur, laugardaginn 26. júlí nk.

Hann og eiginkona hans, Helga S. Kristjánsdóttir, verða að heiman á afmælisdaginn.



## Til sölu

Til sölu er 3ja - 4ra herbergja íbúð á fjórðu hæð í fjölbýlishúsinu nr. 20 við Aðalstræti á Ísafirði. Íbúðin er u.þ.b. 100m<sup>2</sup> að stærð, ásamt tilheyrandi hlutdeild í sameign og lóðarréttindum. Vönduð íbúð á góðum stað í miðbæ Ísafjarðar.

Óskað er eftir tilboðum í eignina, en allar nánari upplýsingar um eignina gefur Björn Jóhannesson, hdl., Aðalstræti 24, Ísafirði, í síma 465 4577 frá kl. 10:00 til kl. 12:00 og frá kl. 13:00 til kl. 16:00.



Á skrifstofu Ólafs Helga Kjartanssonar, sýslumanns Ísfirðinga, hanga á veggjum stækkaðar ljósmyndir af liðlega tuttugu forverum hans í embætti í samfellt meira en hálfa aðra öld, eða allt frá 1844. Í þann mund var einmitt verið að endurreisa Alþingi í Reykjavík og meira en tveir áratugir voru þangað til settur var lögmæltur kaupstaður á Eyri við Skutulsfjörð öðru sinni. Jón forseti var kominn vel yfir þrítugt og Jónas Hallgrímsson átti enn eftir að deyja úti í Kaupmannahöfn. Gömlu sýslumennirnir skima um skrifstofuna vökulum augum og horfist maður nógu lengi í augu við þá á móti, þá er eins og myndirnar vakni til lífsins og fyrir bregði dálitlum spurnarsvip andspænis nýjum tímum, nýrri tækni og nýjum viðhorfum sem engan gat órað fyrir. Þarna er meðal annarra Hannes Hafstein, nútímamaður sem horfði fram á nýja öld og orti um framtíðina fyrir hundrað árum. Núna er sú nýja öld líka að kveðja. Og framtíðin ennþá á næsta leiti.

Tæpast mun Skúla Thoroddsen sýslumann Ísfirðinga hafa grunað aðskilnað dómsvalds og framkvæmdavalds meira en hundrað árum síðar, þegar hann réttaði yfir Sigurði skurði. Og þótt sonur Stefáns Bjarnarsonar sýslumanns hafi fyrir 120 árum verið í forystu fyrsta söngfélags sem heimildir greina frá á Ísafirði, þá missti sú fjölskylda alveg af töfrum The Rolling Stones.

– Hvernig líkar Ólafi Helga Kjartanssyni félagsskapurinn á skrifstofunni?

„Ég verð að játa að ég er stoltur að fá að vera með í þessum hópi. Það er annarra að dæma hvort ég verðskuldi það í raun. Meðal þessara forvera minna eru margir þjóðkunnir menn. Nokkrum hef ég kynnst lítilla en flestir eru auðvitað löngu gengnir á vit feðranna. Hannes Hafstein varð fyrsti íslenski ráðherrann. Þegar hann er nefndur er ekki hægt annað en minnast Skúla Thoroddsen og síðan Lárusar H. Bjarnasonar, sem var mágur Hannesar og settur að sýslumaður þegar Skúlamálin svonefndu stóðu sem hæst. Fleiri ráðherrar en Hannes eru í hópnun. Sigurður Eggerz gegndi því embætti bæði meðan Íslandsráðherra var einn og einnig síðar í fjölskipaðri ríkisstjórn. Allir þessir menn hafa lagt sitt af mörkum til samfélagsins hér á Ísafirði.“

– Og þarna eru Torfi Hjartarsyni og Jóhann Gunnar...

„Ég átti þess kost að kynnst Torfa Hjartarsyni lítilla og mér þótti ákaflega vænt um það. Hann þekkti afa minn og ömmu. Torfi var orðinn mjög aldraður þegar ég kynntist honum, en hann lagði mér engu að síður ýmis góð ráð. Ég hygg að það sé ákveðin hvatning að hafa alla þessa menn fyrir augunum á hverjum degi, eins ólíkir og þeir hafa verið, eins mikinn þátt og margir þeirra hafa tekið í mótun þjóðfélagsins og sögunnar.“

Ég á hér augnabliksmynd af okkur þremur, Torfa Hjartarsyni, Pétri Kr. Hafstein og mér. Hún var tekin á 75 ára afmæli Hæstaréttar fyrir tveimur og hálfu ári. Við hittumst þarna fyrir tilviljun eitt andartak og þeir voru þá einir í hópi forvera minna á lífi. Nú er Torfi látinn. Mér þykir ákaflega vænt um þessa mynd.“

### Vestfirsk gegn

Ólafur Helgi Kjartansson er fæddur í Reykjavík 2. september 1953. Foreldrar hans eru Ágústa Skúladóttir, fædd og uppalin á Ísafirði, og Kjartan T. Ólafsson, fæddur á Látrum í Aðalvík og uppalinn þar, í Bandaríkjunum og á Stað í Aðalvík. „Genin í mér eru öll vestfirsk“, segir Ólafur. „Sjálfur ólst ég upp í Reykjavík til rúmlega sex ára aldurs. Ég fluttist með foreldrum mínum og fjölskyldu austur að Sogi áður en ég komst á skólaaldur, fyrst að Ljósafossi í Grímsnesi. Þá var verið að byggja enn eina virkjunina við Sogið, Steingrímsstöð, sem síðustu árin hefur reyndar legið undir ámæli, einkum Össurar Skarphéðinssonar, vegna áhrifa hennar á lífríki Þingvallavatns. Þangað fluttumst við svo haustið 1960, þegar ég var orðinn sjö ára gamall, og þar var ég samfleytt fram á fermingaráldur. Haustið 1966 fór ég í Héraðsskólann að Laugarvatni og var þar einn vetur, eftir að hafa verið í sveit um sumarið. Síðan kom ég heim aftur og var heima að mestu í eitt ár og tók landspróf á Selfossi, en eftir það kom ég ekki í foreldrahús nema sem gestur, utan þrjú sumur sem ég vann við Sogið.“

Ólafur lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík fyrir 25 árum og embættisprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands í fyllingu tímans vorið 1978. „Á námsárum fékkst ég auðvitað við eitt og annað. Eitt sumarið vann ég uppi á hálendinu við undirbúning Sigölduvirkjunar og eitt sumar var ég í Þýskalandi. Þegar ég var í háskólanámi starfaði ég tvö sumur hjá sýslumanninum á Ísafirði og vetrarpart að auki. Að loknu námi fór ég beint austur á Selfoss og vann hjá sýslumannsembættinu þar.“



– Hvað varstu að gera í Þýskalandi?

### Á botninum í Þýskalandi

„Við fengum þá hugmynd, tveir æskufélagar frá Soginu, þegar okkur leiddist einn veturinn í Reykjavík, að fara í þýska sendiráðið og leita eftir vinnu ytra. Við stóðum í þeirri trú að við værum að fara að vinna við húsgagnaframleiðslu. Það reyndist að vísu rétt að vissu marki, en vinnan var í því fólgin að hella sjóðheitri plastfroðu í mót. Þetta var ansi einhæfur starfi mestallt sumarið. Í verksmiðjunni voru Þjóðverjar í verkstjórastöðum en allir lægra settir starfsmenn voru útlandingar, einkum Tyrkir og Grikkir og menn fleiri þjóða í Suður-Evrópu – og svo við Íslendingarnir tveir. Þetta var merkileg lífsreynsla, því að við nutum þarna sömu virðingar og viðmóts og Tyrkirirnir, en þeir voru ekki hátt

skrifaðir. Á þessum árum byggðist efnahagur Þjóðverja mjög á því að flytja inn ódyrt vinnuafli, einkum frá Tyrklandi, og þetta fólk vann verstu og lægst launuðu störfin. En þegar olúfukreppan skall á 1973 var blaðinu snúið við hið snarasta og allt gert til að koma þessu fólki aftur til síns heima.

Við lifðum eiginlega tvöföldu lífi þetta sumar. Konan sem hafði ráðið okkur að fyrirtækinu hafði verið rekin skömmu síðar – þó ekki þess vegna, vona ég – og þegar við komum með okkar pappíra í höndunum, þá var okkur nánast úthýst. En þar sem við höfðum alla okkar pappíra í lagi vorum við látnir fá vinnu, þó að hún væri annars staðar en til hafði staðið. Og það varð okkur til happs, að þess vegna bjuggum við ekki í vinnubúðum eins og aðrir útlendir verkamenn, heldur lentum við inni á einkaheimili. Þar var fólk sem sá til þess, að um helgar gátum við

lifað mannsæmandi lífi og kom okkur í samband við skólafólk á okkar aldri. Heimilisfaðirinn stjórnaði kór og með honum fórum við í ferðalag til Austurríkis. Á vinnutíma á virkum dögum vorum við hins vegar í lægsta þrepi goggunarstigans í samfélaginu.“

### Rolling Stones og 68-kynslóðin

Áhugi Ólafs Helga Kjartanssonar á hljómsveitinni The Rolling Stones er landskunnur. Hann er sérfræðingur í flestu sem hljómsveitina varðar, á mikið safn af vinylplötum og geislaflötum með tónlistarflutningi kappanna, upptökur í stúdíóum og á hljómleikum og hefur sótt marga tónleika þeirra erlendis. Því er spurt: Er sýslumaðurinn af 68-kynslóðinni svonefndu? Hvers vegna hinir villtu Rolling Stones frekar en Bítarnir hugljúfu?

„Það fer sjálfsagt eftir því hvað átt er við þegar talað er um 68-kynslóðina. Ég er nú í yngsta lagi til að teljast til þeirrar kynslóðar. En ég var þó byrjaður í MR árið 1968. Þar gekk ég inn í jakka, stífpressuðum buxum og hvítu skyrtu með svart bindi að þeirrar tíðar hætti í þeim skóla, en út hefði ég sjálfsagt komið í lopapeysunni, gallabuxunum og úlpunni frá Vinnufatagerðinni sem ég klæddist jafnan þegar á leið, ef ég hefði ekki látið undan þrýstingi á síðustu stundu og fallist á að vera í smóking við útskriftina. Ég er samt hræddur um að hárgreiðslan hafi ekki beint verið við smókingshæfi. En ég tók ástfóstri við tónlist Rolling Stones miklu fyrir, eða árið 1964 þegar ég var tíu ára. Mér fannst þetta mun betri músík en hjá Bítunum, miklu meira líf, miklu meiri kraftur.“

Það eru því komin hvorki meira né minna en 33 ár, sem ég get sagt með sannri að ég









Daginn eftir Fleadh-hátíðina var Ólafur Helgi mættur á „Jam in the Park” á sama stað í Lundúnaborg.

efni á því að vera frekir. En okkur er hollt að líta til annarra þjóða og sjá við hvað þær mega búa. Litháen hlaut sjálfstæði 1918 eins og Ísland en missti það aftur 1939 þegar Sovétríkin lögðu Eystrasaltslöndin undir sig með hervaldi og innlimuðu þau. Þá var þröngvað upp á þjóðina allt öðru stjórnaritari, sem margir sóttust reyndar eftir líka hér á Íslandi á sínum tíma. Fólkinu var haldið í heljargreipum ótta, ofstjórnar og ofsókna. Bókavörður í Vilnius, ung stúlka, sýndi okkur „lok- uðu deildina“ í háskólabóka- safninu. Þar eru yfir fimmtíu þúsund bækur sem enginn mátti sjá á dögum Sovétríkj- anna. Og hvað var það sem almenningur mátti ekki sjá? Jú, vitnisburður þess að Litháen hefði verið til sem sjálfstætt lýðræðisríki. Sá glæpur einn, að eiga í fórum sínum sögu landsins, gat þýtt fangavist í Síberíu.

Ég kynnist ungum borgar- fulltrúa í Klaipeda, sem fæddur var í Síberíu, vegna þess að faðir hans hafði verið sendur þangað í vinnubúðir fyrir eitthvað sem var svo smávægi- legt, að ég er búinn að gleyma því.

Við komum á heimili stúlk- unnar á bókasafninu í Vilnius.

Blokkin leit vel út að utan, en íbúðin hefði ekki verið talin fókheld á Íslandi. Engin gólf- efni á stigagöngum, engar inn- réttingar. Íbúðin var ein stór stofa og eldhús. Þarna bjó fjög- urra manna fjölskylda og þótti gott.

Ég er sannfærður um að það er mikið lán að vera Íslending- ur. Hér geta menn sagt það sem þeim sýnist – jafnvel einn- ig um opinbera starfsmenn nú orðið! – og menn þurfa ekki að óttast um sinn hag ef þeir gæta þess að hafa sín mál í sæmilegu standi og halda sig innan ramma laganna. Hér hefur hljóðlát bylting verið að eiga sér stað á liðnum árum. Þjóð- félagið hefur opnast og smátt og smátt hefur verið dregið úr afskiptasemi hins opinbera af lífi borgaranna, þótt hún hafi hér aldrei verið neitt í áttina við það sem átti sér stað austan járnjalds. Árið 1973 tók það eitt og hálf ár fyrir alþýðu fólks að fá kæliskáp í Þýska alþýðulýðveldinu og jafnvel nærri því eins langan tíma fyrir háttsetta menn í kommúnista- flokknum. Fólk þurfti að bíða fjölda ára eftir því að fá Trabant, en hann var hámark lífs- gæðanna.

Við hjónin komumst heldur betur að raun um að fólkið í

Litháen kunni að meta Íslend- inga. Við eigum reyndar ekki að stæra okkur af þætti Íslands í viðurkenningu Litháens sem sjálfstæðs ríkis á ný, en við urðum sem íslenskir þegnar áþreifanlega vör viðhorfa og þakklætis Litháa í garð Íslend- inga. Frelsið hefur allt annað inntak hjá þessu fólki en hjá okkur. Kröfuharkan hjá börn- um og fullorðnum á Íslandi er kannski einmitt vitnisburður um það, hversu langt þjóðfél- agið er komið á þróunarbraut- inni.

Ekki var síður merkileg reynsla að koma til Kúbu, jafnvel sem ferðamaður. Þar eru Íslendingar stórríkir, enda eru mánaðarlaunin hjá starfs- fólki á hótélum 25 dollarar eða um 1.750 krónur. Ég kom líka inn á heimili á Kúbu. Þar var ekkert, hreinlega ekkert, vegg- irnir ómálaðir, reiðhjólíð geymt inni í stofu. Venjulegur Íslendingur léti ekki bjóða sér slíkt.“

Við Ólafur Helgi Kjartans- son höldum áfram að spjalla um samtíð, fortíð og framtíð. Gömlu sýslumennirnir leggja við eyrun. Veður er milt á Vestfjörðum þessa dagana, rigning öðru hverju og gras- veður. Garðsláttuvélin bíður.

Hlynur Þór Magnússon

## Vestfirðir

# Á ferð um Vest- firði komið út

Annað tölublað „Á ferð um Vestfirði”, fréttá- og þjónustublaðs fyrir ferðafólk á leið um Vestfirði er komið út. Fyrra blaðið sem kom út um miðjan júní, og dreift var á rúmlega þrjú hundruð áningastaði ferðamanna um land allt, er uppið á flestum stöðum og má því gera ráð fyrir að svo verði einnig nú.

Í nýjasta blaðinu eru fjölmargar greinar og fréttir af ferðamálum á Vestfjörðum auk þess sem þar er að finna upplýsingaopnu um svæðið. Greint er frá áningastöðum í Dýrafirði og á Ströndum, bryggju- hátíð á Drangnesi, hamingjuhelgi að Laugar- hól í Bjarnarfirði, Djúpa- víkurhátíð og sandkast- alakeppnum á Rauða-



sandi og í Önundarfirði. Þá er greint frá göngu- leiðum í Önundarfirði, 100 ára afmæli Café Riis á Hólmavík, Ísa- fjarðarhátíð, ljósmynda- samkeppni, ört vaxandi handverki á Þingeyri og Árneshreppi á Strönd- um svo fátt eitt sé talið.

# Internetið á hámarks hraða!!

Bjóðum nú tengingu við Internetið um samnetið (ISDN).

Þú tengist á 0-2 sek. á 64 kbit/s hraða í stað þess að nota allt að 35-45 sekúndur í að tengjast á 28,8 eða 33,6 kbit/s.

Einkar hagstætt verð, ath. ekkert mínútugjald. Meira en 100% hraðaaukning en aðeins 50% herra gjald en á venjulegri mótaaldstengingu.

Við viljum jafnframt vekja athygli fyrirtækja og stofnana á möguleikum sem felast í að nota hina ISDN-tengingu fyrir allar tölur á staðarneti. Kynnið ykkur málið...

Notaðu tækni framtíðarinnar í dag!

INTERNATIONAL EDITION

**FRIITZ!**  
CARD



- 16 BRISUN/VHS-Contrólur
- 32 Bit DAPI 2.0
- FRITZ!Data
- FRITZ!Net
- FRITZ!Fax
- FRITZ!Scan
- Internét
- Windows 95/NT
- Windows 3.11

High-Performance ISDN by...

Fritz-samnetskort - aðeins kr. 12.900,-

**SNERPA**

HAHNAUTA 6 • 2241LÖNDLUT • 2041 400 04700

## Evrópubanda- lagið, Aðalvík og Gilsfjarðarbrú!

Hvað á þetta þrennt sameiginlegt? Í raun allt og ekkert. Efnahagsbandalagið er ávallt í umræðunni, sameiginlegur vettvangur stærstu og voldugustu ríkja í Evrópu og því skyni að skapa samstæðari og jafnari Evrópu og tryggja frið. Ekki verður lagið á það dómur hvernig til hefur tekist. En Íslendingar skiptast í fylkingar eftir afstöðu sinni til bandalagsins, sem upphaflega var efnahagsbandalag fárra ríkja.

Í síðustu viku fjallaði blaðið um kirkjuferð til Aðalvíkur. Messað var í kirkjunni á Stað, svo sem gert er á þriggja ára fresti. Áttahatengsl og forvitni dregur fólk í eyðibýggðina til að hlýða messu. Í nærri hálfra öld, nánar tiltekið 45 ár hefur ekki verið búið í Aðalvík og Sléttuhreppi, en samt leita fyrrum íbúar, afkomendur og forvitnir ferðalangar þangað, kannski í leit að friði og ró.

Gilsfjarðarbrú var í fréttum vegna þess að samgönguráðherra sturtaði síðasta hlassinu í uppfyllinguna, sem tengdi vegfyllinguna úr Dalasýslu, í Vesturlandskjördæmi, við brúna sem stendur sunnan við Króksfjarðarnes, í Vestfjarðakjördæmi, norðan við Gilsfjörð.

Þannig hafa kjördæmin tvö verið tengd með nýjum hætti. Þau liggja vissulega saman í botni fjarðarsins, en nú stýttist alfaraleið milli þeirra og byggðanna norðan og sunnan Gilsfjarðar um 17 kílómetra. Það munar miklu þótt ekki sé ýkjalangt efið er einu sinni. En með auknum samskiptum fara menn oft og styttingin verður meiri.

### Sameining Íslands

Þar liggur kjarni málsins. Nútímafólk er mikið á ferðinni. Reyndar hefur það verið svo með Íslendinga um aldir. Kostirnir við nýju brúna eru ótvíráðir. Spurningin er hins vegar sú hvort tekst að nýta þessa samgöngubót með ítrasta hætti. Því var varpað hér fram fyrir nokkru að herða nú á sameingu sveitarfélaga á Vestfjörðum og jafnframt að þau ættu aðeins að verða fjögur. Þá var því jafnframt varpað fram að sameina þrjú kjördæmi, þau sem liggja að Vestfjarðakjördæmi og það. Þannig er unnt að styrkja stöðu norðvesturhluta Íslands frá botni Hvalfjarðar að Tröllaskaga, frá Reykjavík að Akureyri, ef svo má að orði komast. Þessi hugsun er ný. Ný hugsun er skilyrði framfara.

Þegar jarðgöng undir Hvalfjörð og brú yfir Gilsfjörð eru komin í gagnið verða 199 kílómetrar frá Reykjavík til Króksfjarðarnes, svipað og nú er til Búðardals, og aðeins 30 kílómetrum lengra að Reykhólum. Vegurinn verður vetrarfær.

Með sama hætti styttest allar vegalengdir til annarra staða á Vestfjörðum. Það munu verða gerða kröfur um enn frekari samgöngubætur innan Vestfjarða og við aðra landshluta, en þær byltin garkennu framkvæmdir, Gilsfjarðarbrú og Vestfjarðagöng, hafa fært okkur. Við sem búum einna fjarst frá höfuðborgarsvæðinu erum kannski óávitandi að gera sterkar kröfur um að sameinast Íslandi á nýjan hátt. Sameining Íslands mun gera Íslendingum kleift að ná lengra í samfélagi þjóðanna, auk þess að styrkja byggð í öllum landslutum.

Um leið leggur hún íbúum, bæði í borg og annars staðar, þær skyldur á herða að nýta samgöngubætur með nýjum hætti og leita nýrra tækifæra. Fáar framkvæmdir munu færa þjóðinni meira en bætta samgöngur. Einmitt þess vegna skiptir öllu hver næstu skref verða.


### Hvað og hvert næst?

Krafan um góðan veg úr Ísafjarðardjúpi yfir að Gilsfjarðarbrú mun verða áberandi á norðanverðum Vestfjörðum. Flestir muna þær deilur sem urðu er ákveðið var að leggja veg um Steingrímsfjarðarheiði. Sá vegur tengir Strandasýslu við aðra hluta Vestfjarða. Nú talar fyrsti þingmaður Vestfirðinga og formaður samgöngunefndar Alþingis um veg úr Steingrímsfirði yfir fjall að Gilsfjarðarbrú. Þessi leið er lengri en nú er yfir Þorskafjarðarheiði. Helsti kosturinn verði hún valin er sá, að Strandamenn komast styttri veg til Reykjavíkur og tengjast Vesturlandi betur.

Hjá því verður ekki komist að huga að sumarvegi úr Djúpi í Króksfjarðarnes. Þetta tvennt er unnt að vinna samhliða. Þannig verður fólk auðveldara að sækja í frið eyðibýggðar að sumri og njóta Vestfjarða. Leiðin austur er greið en hana má bæta.

Að lokum eru Vegagerðinni færðar þakkir fyrir gott viðhald vega í sumar. Það lofar góðu.

- Stakkur



## Sumaropnum í Vídeóhöllinni

Sunnudaga frá kl. 15:00 til kl. 19:00

og frá kl. 20:00 til kl. 23:30

Mánudaga - föstudaga frá kl. 16:00 til kl. 19:00

og frá kl. 20:00 til kl. 23:30

Laugardaga frá kl. 15:00 til kl. 19:00

og frá kl. 20:00 til kl. 24:00

### Verð á myndböndum:

Nýjar myndir kr. 400,- (ein eldri frí með)

Eldri myndir kr. 200,- (yfir 3000 myndir)

Teiknimyndir kr. 100,-

Þjónusta er  
okkar mottó!

Vídeó  
Möllin  
- við Norðurveg  
456 4853

Tölvuleikir og  
Nintendo 64 tölva

TOPP 10  
MYNDBÖND  
HJÁ  
VÍDEÓHÖLLINNI

1. Turbulance
2. Sleepers
3. The long kiss...
4. First Wives Club
5. Evita
6. Djöflaeyjan
7. Maximum Risk
8. Secrets and lies
9. Bound
10. Public enemy...

http: góðar NETINU

<http://www.jeanmicheljarre.com/>  
Tónlistarmaðurinn Jean Michel Jarre hefur hingð til verið þekktur fyrir allt annað en heimasíður sínar.

<http://www.economist.com/>  
Á vefutíðu tímaritsins The Economist er hægt að lesa greinar úr blaðinu.

<http://www.indian.co.uk/skunk>  
Hljómsveitin Skunk Anansie hefur heldur betur slegið í gegn hér á landi, hvernig væri að kíkja á heimasíðu þeirra, hún kemur svo sannarlega á óvart.

Frum-Mynd  
Sólgata 11 • 400 Ísafirði  
Sími 456 5059

Tilboð

Progidy	1.799
Pottþétt 8	2.599

Sjónvörp Nicam stereo  
Thomson 29" 99.900,-  
Sonic 21" 35.900,-

Nýjustu CD  
Bandalög, Bloodhound Gang, Gary Barlow, Pottþétt ást, OP 8, M. Manson, Live, Jungle Brothers

Gervihnattafréttir  
Satt fréttir  
Kanal 5 11.335V

TV 5 laugardaginn 26. júlí  
Umbro Cup  
Everton - Ajax  
Chelsea - Newcastle



**Horfur á fimmtudag:**  
Suðlæg átt víða kaldi. Dáltilt rigning eða súld í flestum landshlutum, síst þó norðaustantil. Hiti á bilinu 12 til 17 stig.

**Horfur á föstudag:**  
Gert er ráð fyrir að vindur snúi sér í austlæga átt með þokusudda suðaustan og austanlands. Áfram verður heitt í veðri.

**Á laugardag er síðan**  
útlit fyrir austlæga átt með þokusudda suðaustan- og austanlands, en úrkomulaust verður að mestu vestantil.

2ja herbergja íbúð til leigu frá og með 1. ágúst. Upplýsingar í síma 456 3117.

Til sölubarnakerra. Upplýsingar í síma 456 3014.

Til sölu er Saab 900 GLS árg. 1982, ekinn 160.000 km. Þarfnast lagfæringar á lakki. Skoðaður 1997. Upplýsingar í síma 456-3072 á daginn.

Óska eftir ódýrum ísskáp c.a. 158 cm á hæð, einnig óskast uppþvottavél á sama stað. Upplýsingar í síma 456 6218.

Við erum þrjár einstaðar og velstaðar stúlkur á besta aldri sem lífið brosir við nema að okkur vantar húsnæði og óskum hér með eftir 4ra herbergja eða stærri íbúð á Eyrinni fyrir veturinn. Leigutími æskilegur í a.m.k. eitt ár. Óruggar mánaðlegar greiðslur og góð umgengi. Allar nánari upplýsingar í síma 456 3390 og 456 5158 eftir kl. 18.

Bráðvantardagmómmusem fyrst, eftir hádegi, frá kl. 13 - 18, 4 daga í viku. Upplýsingar gefur Sigrún í síma 456 4269.

Til sölu notuð barnakerra ásamt fylgi-hlutum, á sama stað notaður Britax barnabílstóll. Upplýsingar í síma 456 3835.

Til sölu Playstation leikjatölva. Upplýsingar í síma 456 4044 eða 897 6706.

Til sölu Volkswagen bjallaár. 72, óppgerð. Selst ódýrt. Upplýsingar í síma 456 4175 eftir kl. 18.

Til sölu Peugeot árg. 87 nýskoð-aður. Selst á 150.000,- staðgr. Upplýsingar í síma 456 4662.

Til sölu 26" Rank sjónvarp, einnig 19" Mark sjónvarp m/ fjarstýringu. Bæði tækin eru í fullkomnu lagi og seljast ódýrt. Nánari upplýsingar í síma 456 4621 eftir kl. 19.

Til sölu kvennafjallahjól, 21. gíra og alveg ónotað. Upplýsingar eru veittar í síma 456 4075.

Bráðvantar 5 herbergja íbúð til leigu, þarf helst að vera á Eyrinni. Upplýsingar í síma 456 4330 eftir kl. 19.

Til sölu 7m löng bátakerra og vörubilsgrind, góð í rulluvagn. Upplýsingar gefur Björni í síma 456 4810 á kvöldin.

Óska eftir íbúð í Reykjavík. Ungt, reglusamt og reyklust par óskar eftir 2-3 herbergja íbúð í Reykjavík, helst í Vesturbænum en önnur hverfi koma

Til sölu Nintendo leikjatölva m/3 leikjum. Upplýsingar í síma 456 8114.

Til sölu þvottavél, ísskápur, sófaborð, sófi, 2 djúpir stólar, hillur, kömmóða og barnarúm. Upplýsingar í síma 456 3748.

Snyrtileg tveggja herbergja íbúð til leigu með eða án húsgagna á góðum stað í Vesturbænum. Fyrirframgreiðsla eða tryggingavíxill. Upplýsingar í síma 562 5455.

Til sölu 13" nýleg sumar og vetrardekk. Sumardekkinn eru á felgum sem tilheyrir Volvo 340 DL árg. 95 ek. 100þ. og selst hann því vitaskuld með. Allur pakkinn kr 40.000. Upplýsingar í síma 456 4030.

Til sölu er Nintendo leikjatölva, 12 leikir og byssa ásamt fjöلتengi fyrir 4 spilara. Upplýsingar í síma 456 5135 á kvöldin.

**KAUP & SALA**  
ÓKEYPIS SMÁUGLÝSINGAR

Til sölu Opel Ascona árg. 84, ekinn 137 þús. km. Lítil eða engin útborgun, verð 180.000,-. Upplýsingar gefur Schally í síma 456 5320.

Til sölu 24" 18 gíra fjallahjól með ýmsum aukahlutum. Selst á 5.000. Upplýsingar í síma 456 4078.

Til leigu er 210 m² radhús á Ísafirði. Upplýsingar í síma 456 3942 eða 894 5959.

Til sölu Emmaljunga kerra notuð af einu barni, verð 12.000. Upplýsingar í síma 456 3979 á kvöldin.

Til sölu gasgrill. Upplýsingar gefur Margrét í síma 456 3511.

Til sölu Dodge Aries árg. 87. Verð aðeins 50.000. Upplýsingar í síma 456 3774.

þó vel til greina. Upplýsingar gefur Heiðrún í síma 456 3981.

Til sölu eldri gerð af hjónarúmi og kvennreiðhjól DBS. Upplýsingar í síma 456 4372, miðvikudags- og fimmtudagskvöld, eftir kl. 20.

Til sölu Silver Cross barnavagn með stálbotni, verð 18.000. Upplýsingar í síma 456 4430.

Til sölu Volvo Station árg. 80, skoðaður 98. Upplýsingar í síma 456 5214.

Til sölu Britax barnabílstóll. Upplýsingar í síma 456 5141.

Húseigendur athugið! Er komin móða eða raki milli glerja. Kem og fjarlægji móðu og raka á öruggan og skjótan hátt. Upplýsingar í síma 456 8316 eða 4216903 eftir kl 19.

## Nú er tækifæri!

### Til sölu

er falleg og vel skipulögð 4ra herbergja 118m² íbúð við Stórholt 7 á Ísafirði.  
Útborgun 1.200.000,-  
Áhvílandi 2.200.000,-  
Hægstað lán  
Húsbréf 2.350.000,- sem kaupandi yfirtekur  
Eftirstöðvar 1.250.000,- sem seljandi lánar í 2 ár  
Samtals 7.000.000,-  
Upplýsingar í síma 456 4212 og hjá Tryggva Guðmundssyni hdl. í síma 456 3244.

## Félagsheimilið í Hnífsdal



**Laugardagskvöld til kl. 03:00**  
**Topp ball ársins**

**18 ÁR**

**UM HELGINA**



**Föstudags- og laugardagskvöld**  
**til kl. 03:00**

**PÖBB + DISKÓTEK**

**18 ÁR**



Hefur þú smakkað okkar frábæru  
**klúbbsamlökur?**

## ÍSAFJARÐARBÍÓ



### The Saint

Fimmtudag kl. 21:00  
Sunnudag kl. 21:00  
Mánudag kl. 21:00

Bönnuð innan  
12 ára

# Dagskrá Ísafjarðar- hátíðar 1997

## Fimmtudagur 24. júlí

Kl. 20:30. Sumarkvöl í Neðstakaupstað. Viðfangsefni kvöldsins að þessu sinni er mannlíf og menning við Djúp. Fyrirlesarar eru þau Katrín Þorlákisdóttir, leikkona og Snorri Grímsson. Höfundar erindanna eru þær Andrea Harðardóttir og Jóna Símonía Bjarnadóttir, sagnfræðingur. Auk þess syngur Söngfélagið úr Neðsta nokkur lög ásamt annarri afþreyingu.

## Föstudagur 25. júlí

Kl. 14:00. Sigling með Halldóri Sigurðssyni ÍS út í Vigur. Boðið verður upp á kaffi og meðlæti.  
Kl. 15:30. Sigling með Blika ÍS að Hesteyri í Jökulfjörðum. Boðið verður upp á kaffi og meðlæti.  
Kl. 15:30. Fiskmarkaður í Neðstakaupstað. Þar verður einnig á boðstólum annar varningur auk þess sem keppt verður í götukörfulbolta.  
Kl. 17:00. Lúðrasveit frá Linköping, vinabæ Ísafjarðar í Svíþjóð leikur nokkur lög fyrir gesti og gangandi í Neðstakaupstað.  
Kl. 19:00. Kvöldverðarferð með Halldóri Sigurðssyni ÍS út í Vigur.  
Kl. 21:00. Kvöldsigling með Fagranesinu út í Vigur. Stoppað verður í Vigur í tvær klukkustundir og síðan siglt aftur til Ísafjarðar undir dillandi harmonikkuspili.  
Kl. 21:00. Jasskvöld á Hótel Ísafirði. Trío Ólafs Stephensen og franskur kvintett skemmta.  
Kl. 19:30 - 22:20. Sveitaball og línudans að Núpi í Dýrafirði.  
Kl. 23:00. Dansleikur á veitingastaðnum Á Eyrinni. Sægreifarnir leika fyrir dansi.  
Á föstudag verður einnig boðið upp á dagsferð á hestum frá Hrauni á Ingjaldssandi í Nesdal.

## Laugardagur 26. júlí

Kl. 10:00. Gönguferð með leiðsögn upp í Naustahvilt.  
Kl. 10:30. Sigling með Fagranesinu á Hornstrandir. Komið verður við í Aðalvík, Fljótavík, Hlöðuvík og Hornvík. Síðan verður siglt til Aðalvíkur og þaðan til Ísafjarðar. Áætlað er að ferðin taki tólf klukkustundir. Aðeins verður farið í Fljótavík og Hlöðuvík ef um hópa er að ræða.  
Kl. 14:00. Siglt að Hesteyri í Jökulfjörðum með Blika ÍS. Boðið verður upp á kaffi og meðlæti.  
Kl. 14:00. Siglt út í Vigur með Halldóri Sigurðssyni ÍS. Boðið verður upp á kaffi og meðlæti.  
Kl. 14:00. Gönguferð með leiðsögn um Eyrina á Ísafirði.  
Kl. 14:00. Líf og fjör í Neðstakaupstað. Þar verður m.a. boðið upp á dorgkeppni, þar sem veitt verða verðlaun fyrir mestan afla á land, furðufleyjakeppni verður haldin og verða veitt verðlaun fyrir frumlegasta fleyið auk þess sem boðið verður upp á götukörfulbolta og þá mun Pétur þókus sýna listir sínar.  
Kl. 15:00. Lúðrasveit frá Linköping, vinabæ Ísafjarðar í Svíþjóð leikur nokkur lög.  
Kl. 19:00. Rúnar Þórisson leikur fyrir matargesti á Hótel Ísafirði.  
Kl. 21:00 - 24:00. Bryggjuball við Sundahöfn á Ísafirði. Vonast er til að sem flestir mæti með höfuðföt því verðlaun verða veitt fyrir furðulegasta höfuðfatið.  
Kl. 23:00. Dansleikur í félagsheimilinu í Hnífsdal. Sálin hans Jóns míns skemmtir.  
Kl. 23:00. Dansleikur á veitingastaðnum Á Eyrinni. Sægreifarnir leika fyrir dansi.  
Á laugardag verður einnig boðið upp á dagsferð á hestum frá Hrauni á Ingjaldssandi í Nesdal. Í þessa ferð er upplagt að hafa með sér tjald og nesti því um kvöldið verður hinn árlegi sveitadansleikur haldinn að Vonarlandi á Ingjaldssandi.

## Sunnudagur 27. júlí

Kl. 08:00. Gönguferð frá Aðalvík til Hesteyrar.  
Kl. 11:00. Gönguferð fram í Hnífsdal.  
Kl. 13:00. Sunnudagsrúnturinn með Fagranesinu.  
Kl. 14:00. Sigling út í Vigur. Boðið verður upp á kaffi og meðlæti.  
Kl. 15:00. Lautarferð í Tunguskóg. Kárius og Baktus verða á staðnum.  
Kl. 15:30. Sigling að Hesteyri í Jökulfjörðum.  
Kl. 21:00. Tónleikar í Tjöruhúsinu í Neðstakaupstað. Guðrún Jónsdóttir, söngkona syngur við undirleik Margrétar Gunnarsdóttur, píanóleikara.  
Kl. 21:00. Blysför og varðeldur í Stóruurð. Lagt verður af stað frá Safnahúsinu á Eyrartúni.

**Arnar G. Hinriksson hdl.**

Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

## Fasteignaviðskipti

**Erum með til sölu**  
**fasteignir víða**  
**á Vestfjörðum**  
**Allar nánari upplýsingar**  
**eru veittar á skrifstofu**



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og vinarhug við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdaföður og afa,

**Pétur Steingrímsson**  
frá Hjöllum

Vilborg Ólafsdóttir

Guðrún Dagný Steingrímisdóttir  
Þorbjörn Steingrímsson

Jóhann Snorri Arnarsson  
Guðfinna Birna Guðmundsdóttir

Pétur Steingrímsson  
og barnabörn.



## Til sölu

Til sölu er fasteignin Hafnarstræti 7, Þingeyri. Um er að ræða verslunar- og skrifstofuhúsnæði er áður var í eigu Kaupfélags Dýrfirðinga. Húsið er tvær hæðir og ris, byggt árið 1947.

Óskað er eftir tilboðum í eignina og skal þeim skila til Björns Jóhannessonar hdl., Aðalstræti 24, 400 Ísafirði fyrir 1. ágúst nk.

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna þeim öllum.

Allar nánari upplýsingar um eignina gefur Björn Jóhannesson hdl., Aðalstræti 24, 400 Ísafirði í síma 456 4577.



**LÖGSÝN EHF.**  
Lögfræðisþjónusta



# Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 170 m/vsk



Hanseatic kom til Ísafjarðar á mánudag.



Farþegar um borð í Hanseatic áður en þeim var hleypt frá borði í Sundahöfn.



Pórunn Gestsdóttir, aðstoðarmaður bæjarstjóra Ísafjarðar-bæjar fór um borð í Hanseatic og færði skipstjóranum blómvönd frá bæjarfélaginu.


## Queen Elizabeth II á Ísafjarðardjúpi

Eitt stærsta og frægasta skemmtiferðaskip heims, Queen Elizabeth II, hafði klukkustundar viðdvöl í Ísafjarðardjúpi árla morguns á föstudag.

Skipið, sem kom frá Reykja-

vík, sigldi inn að Álftafirði og síðan út með Snæfjallaströnd. Nokkuð var ritað um komu skipsins hér í blaðinu fyrir á árinu, og taldi bréfritari að um misskilning hefði verið að ræða hjá forsvarsmönnum bæjarfél-

agsins, er þeir upplýstu um komu skipsins. Hélt bréfritari því fram að skipið væri á leið til samnefnds fjarðar á Svalbarða en ekki til Vestfjarða. Queen Elizabeth hélt hédan til Grænlands og Noregs en næsta



Queen Elizabeth II á siglingu um Ísafjarðardjúp.

Ljósmynd: Pórunn Gestsdóttir.

höfn þess þar er Tromsö.

Á mánudag lagðist við bryggju á Ísafirði, skemmtiferðaskipið Hanseatic, en það

var mikið í fréttum fyrir stuttu er það strandaði við Svalbarða. Um borð í skipinu voru 145 farþegar og 115 manna áhöfn

og hafa þeir vafalaust verið ánægðir með að hafa fast land undir fótum eftir erfitt og viðburðaríkt ferðalag.



Enn á eftir að manna tvær kennarastöður við Grunnskóla Bolungarvíkur. Svipaða sögu er að segja af öðrum grunnskólum á Vestfjörðum. Ástandið hefur sjaldan verið jafn slæmt.

### Erfiðlega gengur að manna kennarastöður á Vestfjörðum fyrir næsta skólaár

## Engar fyrirspurnir fyrir en búið er að manna skólana á höfuðborgarsvæðinu

„Okkur hefur ekki tekist að ráða í tvær stöður kennara við 7. - 10. bekk. Við auglýstum stöðurnar lausar í júní en það hafa engar fyrirspurnir borist. Ástæðan fyrir því er einfaldlega sú að Reykjavíkurskólarnir voru svo lengi að ráða. Það er staðreynd að við fáum ekkert fyrir en búið er að manna

skólana á höfuðborgarsvæðinu,” sagði Anna G. Edvardsdóttir, skólastjóri Grunnskóla Bolungarvíkur, aðspurð um hvernig tekist hefði að manna kennarastöður við skólann fyrir komandi skólatímabil. Samkvæmt upplýsingum blaðsins, gengur erfiðlega að fá kennara til starfa á landsbyggðinni og

mun ástandið í ár vera með verra mótí.

„Ég held að það vanti kennara til starfa við flesta skóla á Vestfjörðum en ástandið mun vera misjafnt eftir skólum,” sagði Anna. Kristinn Breiðfjörð Guðmundsson, skólastjóri Grunnskólans á Ísafirði, sagði í samtali við blaðið að

erfiðara gengi að ráða kennara í ár en undanfarin ár, en hann var ekki úrkula vonar um að honum tækist að manna allar stöður áður en skólastarfið hefist í haust. „Okkur gekk þokkalega fyrst í vor en síðan þá hefur allt verið stopp. Við eigum eftir að ráða í þrjár almennar kennarastöður og í

tvær stöður sérkennara. Ef allt verður eðlilegt, ætti okkur að takast að ráða í stöðurnar, en ég neita því ekki að þetta er engin óskastaða. Þetta ástand þýðir einfaldlega að við verðum að ráða leiðbeinendur, og það er ekkert sem menn hrópa húrra fyrir. Ég held að flestir séu sammála því að það sé

erfiðara að fá kennara til starfa nú en áður og ástæðan er einfaldlega sú að ástandið er betra á hinum almenna vinnu- markaði,” sagði Kristinn.

Ekki tókst að ná sambandi við neinn af stjórnendum Framhaldsskóla Vestfjarða vegna þessa, en þeir eru allir í sumarfrí um þessar mundir.